

## Tillaga til þingsályktunar

### um lýðheilsustefnu til ársins 2030.

Frá heilbrigðisráðherra.

Framtíðarsýn fyrir lýðheilsu á Íslandi verði eftirfarandi:

- Lýðheilsustarf verði markvisst, á heimsmælikvarða og einkennist meðal annars af þverfaglegu samstarfi heilbrigðisþjónustu, sérstaklega heilsugæslu, og annarra hagaðila á Íslandi, t.d. sveitarfélögum, með áherslu á heilsueflingu og forvarnir.
- Lýðheilsustarf verði metið með því að mæla gæði, öryggi, árangur, aðgengi og kostnað sem og kostnaðarhagkvæmni.

---

Í tillögum að lýðheilsustefnu til ársins 2030 er lögð mikil áhersla á að fólkið sé í forgrunni og allir landsmenn skuli hafa aðgang að skýrum upplýsingum um hvernig og hvert skuli leitað þegar kemur að þjónustu er varðar heilsueflingu og forvarnir. Í henni kemur einnig fram að heilsuefling og forvarnir verði hluti af heilbrigðisþjónustu á öllum stigum þjónustunnar og heilsugæslan taki virkan þátt í lýðheilsustarfi og stuðli þannig að aukinni samfellu og gæðum í þjónustu. Þegar fjallað er um virka notendur kemur fram að heilsulæsi felist í getu og framgöngu einstaklingsins til að nálgast, skilja og hagnýta sér upplýsingar til að stuðla að heilbrigði. Ábyrgð einstaklingsins felst í frumkvæði til að afla sér og meðtaka upplýsingar um hvað hefur góð áhrif á líkamlega, andlega og félagslega heilsu. Hægt sé að auka heilsulæsi fólks og möguleika þess til að axla ábyrgð á eigin heilsu með markvissu starfi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu. Þetta þurfi svo að gera í náinni samvinnu við notendur heilbrigðisþjónustunnar og taka tillit til ólíkra þarfa mismunandi hópa þar sem þættir eins og aldur geti skipt máli.

Hrafnista vill benda á að mjög mikilvægt sé að við framkvæmd aðgerðaráætlunar vegna lýðheilsustefnunnar til ársins 2030 verði sjónum einnig beint að öldruðum sem búa enn í sjálfstæðri búsetu. Aldraðir eru stór hópur þjóðfélagsins sem fer stækkandi á næstu áratugum og mun mesta fjölgunin verða á elsta aldurshópnum, 85 ára og eldri. Þessi mikla fjölgun aldraðra á komandi áratugum mun skapa aukna þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og auka kostnað við hana. Þess má geta að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu 75 ára og eldri er talinn verða margfaldur miðað við aldurshópinn 5-64 ára. Það er því til mikils að vinna fyrir samfélagið að aldraðir verði virkir notendur heilbrigðisþjónustunnar og geti nálgast, skilið og hagnýtt sér upplýsingar til að stuðla að heilbrigði. Ávinningurinn af því fyrir einstaklinginn sjálfan og samfélagið í heild er mikill þar sem í mörgum tilvikum geti aldraðir viðhaldið heilsu sinni og færni sem lengst og þannig sé hægt að seinka því að þeir þurfi umfangsmikla heilbrigðisþjónustu eða flutning á hjúkrunarheimili.

Eins og kemur fram í 4.kafla lýðheilsustefnunnar þegar fjallað er um virka notendur þurfa forvarnir og heilsuefling að ná til næringar, hreyfingar og geðræktar. Hrafnista vill benda á að mjög mikilvægt sé að aldraðir í sjálfstæðri búsetu sem þurfa að reiða sig á heimsendan mat, fái næringarríkan mat sem stuðli að heilbrigði. Upplýsingar um aðgengi að heimsendum mat þurfa einnig að vera öldruðum aðgengilegar þannig að þeir sjálfir, eftir atvikum, geti sýnt frumkvæði að því að óska eftir þeirri þjónustu. Ekki eru allir aldraðir í þeirri stöðu að eiga aðstandendur sem sinna slíkum málum fyrir þá. Geðrækt aldraðra er að sama skapi mjög mikilvæg þegar fjallað er um heilsueflingu aldraðra og þarf

að gera upplýsingar um aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu fyrir aldraða eins sjálfsgæðar og upplýsingar um aðra heilsueflingu.

Aðgengi að heilsueflingu skiptir aldraða miklu máli. Hluti aldraðra sem býr enn í sjálfstæðri búsetu hefur ekki tök á því að sækja sér skipulagða heilsueflingu sökum margra þátta sem snúa m.a. að færni, frumkvæði og efnahag svo eitthvað sé nefnt. Hrafnista tekur undir það sem kemur fram í inngangi að greinargerðinni sem er með stefnunni að ýmsir umhverfisþættir séu miklir áhrifavaldar þegar kemur að heilbrigði. Með því að fjarlægja ýmsar hindranir í umhverfi aldraðra er hægt að stuðla að heilsueflingu þessa hóps. Sem dæmi má nefna, að fjölga göngustígum og bekkjum í umhverfinu ásamt því að bæta lýsingu og hálkuvarnir á göngustígum. Á þetta sinn þátt í því að aldraðir treysta sér oft á tíðum ekki út til að stunda heilsueflingu á eigin forsendum þar sem umhverfisþættir eru þeim ekki hliðhollir.

Í sama inngangi kemur fram að þegar fjallað er um það að heilsuefling og forvarnir skuli vera hluti af allri þjónustu í heilbrigðiskerfinu, þá sé margt sem bendi til þess að félagsleg staða og kyn hafi áhrif á veitta þjónustu sem og aðgengi að þjónustunni. Því sé mikilvægt að unnið verði að því að öll þjónusta verði veitt á jafnréttisgrundvelli, svo að sem mestum árangri verði náð, og í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hrafnista tekur undir þetta og ítrekar að sjónum sé líka sérstaklega beint að öldruðum sem notendum heilbrigðisþjónustunnar og mikilvægt sé að aldraðir geti viðhaldið heilsu sinni og átt merkingarbært líf, þrátt fyrir aldur, færni og fötlun. Öldrun má ekki verða útilokandi þáttur þegar kemur að því að nýta sér úrræði sem í boði eru, t.d. vegna skorts á viðeigandi stuðningi eða aðgengi.

Gunnur Helgadóttir framkvæmdastjóri heilbrigðissviðs Hrafnistu  
Nanna Guðný Sigurðardóttir gæðastjóri Hrafnistu  
Harpa Hrund Albertsdóttir verkefnastjóri heilbrigðissviðs Hrafnistu